

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 1987

15. desember 1987

1267

Nr. 637

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi o.fl.

1. gr.

	kr.
Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:	
a) Umsjónargjald	4 000
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	8 000
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	500
d) Forgangsréttarskjal	1 000

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	800
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	500
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi (allt að 20 síður A4)	1 000

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 17 000
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	8 000
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	28 500
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	57 000

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984 og öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 522, 17. desember 1986.

Íðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.